

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Norðurlandi vestra, 4. nóvember 2020

Sent rafrænt í gegnum Samráðsgátt stjórnvalda.

Efni: Umsögn stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um drög að frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna póstmála (flutningur póstmála frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar).

Um nokkurt skeið hefur stjórn SSNV haft áhyggjur af þróun mála hvað pósthjónustu á landsbyggðinni varðar. Þó bréfasendingum hafi fækkað verulega færast vefverslun í aukana og felast í því tækifæri fyrir fyrirtæki um land allt. Skerðing þjónustu undanfarin ár hefur hins vegar haft neikvæð áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni og gert þeim erfiðara fyrir en fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu að nýta sér þau tækifæri. Það er því afar mikilvægt að tryggja að pósthjónusta sé eins vel fyrirkomid og kostur er í hinum dreifðari byggðum. Það er mat stjórnar SSNV að Byggðastofnun sé vel til þess fallin að sinna þessum mikilvæga málaflokki með þeim hætti að pósthjónusta styðji við atvinnustarfsemi í hinum dreifðari byggðum og bæti búsetuskilyrði.

Jafnframt vill stjórn fagna því að með þeirri breytingu sem frumvarpið felur í sér á málaflokki póstmála muni störf flytjast út á land. Gengur þar ráðuneytið fram með góðu fordæmi fyrir önnur ráðuneyti og stofnanir ríkisins. Það er hins vegar mikilvægt að með þeim verkefnum sem flutt verða, nái frumvarpið fram að ganga, fylgi fjármunir sem duga til reksturs þeirra.

Stjórn SSNV mælir því með að frumvarpið nái fram að ganga svo fremi sem rekstur málaflokksins sem fluttur er verði fjármagnaður að fullu.

Stjórn SSNV áskilur sér rétt til að gera umsagnir um málið á seinni stigum.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri.